

Rannsóknaskýrslur fornleifadeildar Þjóðminjasafns Íslands 1985

7

Göltur í Grímsnesi

Fornleifakönnun 14. 9. 1985

Guðmundur Ólafsson



Reykjavík 2014

© Guðmundur Ólafsson/Þjóðminjasafn Íslands

Reykjavík 2014

Ljósmynd á forsíðu: Nærmynd af sniðbakka við suðurhlið svæðis B þar sem sjá má niðurgroft í neðstu mannvistarlögunum (GÓL-1985-9111-4).




Mynd 1. Loftmynd af bæjarhúsum Galtar í Grímsnesi, úr vefsíðu Fasteignamats ríkisins (Þjóðskrá Íslands/Loftmyndir ehf. 2014).

Er verið var að grafa lagnaskurð við íbúðarhúsið að Gelti í Grímsnesi, annan og þriðja september 1985, komu í ljós mannvistarleifar á miklu dýpi. Guðmundur Pálmi Kragh hafði samband við Þjóðminjasafnið og greindi m.a. frá því að viðarkola- og öskudreifar í jörðu væru á allt að metra dýpi. Þar mætti einnig greina allt að 15 cm þykka gólfskán með beinaleifum í og rauðbrúnt móöskulag og hafði stór köggull verið tekinn úr þessum lögum til frekari skoðunar. Ofan við mannvistarlögin væri mikið um gjóskulög og vikur.



Mynd 2. Horft til suðurs yfir hálfyllt framkvæmdasvæði A, á bæjarhlaðinu milli íbúðarhúss og skemmu. (GÓL-1985-9111-6).



Mynd 3. Afstöðumynd af bæjarhúsum. Skyggðu svæðin A-D sýna hvar grafið hafði verið vegna lagnaskurða. Snið sem sýndi afstöðu jarðlaga var teiknað á svæði B. Skurður D var um 10-15 m lengri en hann er sýndur á teikningu.

Að sögn Guðmundar Pálma fannst fyrir nokkrum árum um 40 cm stór bollasteinn norðan og austan við gömlu bæjarhúsin. Hann taldi að Göltur væri landnámsjörð, en í skýrslu um fornleifaskráningu í Grafningshreppi er þess getið til, út frá landamerkmum og legu jarða, að Göltur hafi byggst út frá Kiðjobergi (Birna Lárusdóttir, 2002:7)


Skýrsluhöfundur fór á staðinn laugardaginn 14. september 1985 til þess að kanna betur þennan fund og fékk þessi könnun rannsóknarnúmerið 1985-267.

Bærinn Göltur liggur í dálítilli hvos um 400 m vestur frá Hestvatni. Íbúðarhúsið stendur norðaustarlega á bæjarstaðinu. Suðaustan við það er skemma, á svipuðum stað og gamli bærinn mun hafa staðið. Vestast á hólnum er steinsteypt fjós. Heimkeyrslan er að norðanverðu og plan er á milli íbúðarhúss og fjóss (Birna Lárusdóttir, 2002:48).

Vestan við íbúðarhúsið hafði verið grafið upp um 4x6 m stórt svæði vegna jarðvegsskipta (A). Þetta svæði var að mestu búið að fylla með rauðamöl og var því ekki hægt að gera þar frekari athuganir. Syðst var skurður sem lá frá NA-horni skemmu og meðfram vesturhlið íbúðarhússins (B). Skurðurinn hafði verið framlengdur til austurs meðfram suðurhlið íbúðarhússins (C).

Fyrir sunnan íbúðarhúsið hafði einnig verið grafinn skurður til suðurs vegna klóaklagnar (D). Skurðbakkarnir voru hreinsaðir eftir þörfum til þess að átta sig betur samhengi og aldri mannvistarlaga og auðvelda túlkun á þeim.

Um 9 m langur og 2 m breiður skurður hafði verið grafinn frá austurhorni skemmu að suðurhlið íbúðarhússins (B) og um 0,5-0,7 m breiður skurður og um 8,5 m langur meðfram suðaustur hlið íbúðarhússins (C). Frá miðri miðri suðurhlið hússins hafði verið grafinn 20-30 m langur skurður til suðurs sem endaði í brunni.



Mynd 4. Ljósmynd af suðurbakka svæði B (GÓL-1985-9111-5) og teikning af hluta sama svæðis. Koparhlutur sem fannst sést í sniðinu á 50 cm dýpi.

Í skurði B voru all miklar mannvistarleifar sýnilegar í sniðum. Teiknað var 1 m breitt snið við suðurbakka svæðisins. Efstu 70 cm voru blandaðar moldarleifar sem í voru viðarkol, brennd bein og fleira sorphaugarusl á víð og dreif. Einn gripur fannst í þessu lagi. Það var koparhnúður/hnappur sem var á 50 cm dýpi. Hann hefur verið skrúfaður upp á eitthvað. Aldur hans er óviss en líklega er hann ekki mjög gamall. Undir þessu blandaða lagi voru hellur, sem gætu hafa verið af þaki, og tengjast e.t.v. grjóthlöðnum vegg, sem þarna var nokkrum metrum vestar.

Undir hellunum voru torfmoldir 20-30 cm þykkar. Þar undir var 10-20 cm þykkt móöskulag sem lá ofan á óhreyfðu ljósbrúnu moldarlagi. Í þessu moldarlagi, um 1-8 cm undir móöskulaginu var 1 cm þykkt gráleitt lag. Þetta er líklega landnámslagið og var sýni (S-1) tekið úr þessu lagi. Vestast í sniðinu hafði verið grafið um 50 cm niður í óhreyfða lagið og þar neðst var þétt og um 30 cm þykkt lagskipt móösku- og viðarkolalag. Þetta virðist helst hafa verið gólfskán í niðurgröfnu mannvirki. Miðað við afstöðu mannvistarlaganna í sniðinu hefur þetta verið elsta mannvirkið á þessum stað. Hugsanlegt er að þarna hafa verið jarðhús, þó erfitt sé að fullyrða um það út frá þeim takmörkuðu upplýsingum sem hægt er að lesa úr jarðlögunum.

Í rotþróarholu, sem grafin var syðst í skurði D, um 20-30 m sunnan við húsið var sniðbakkinn kannaður. Þar fannst gjóskulag í óhreyfðri mold á um 1 m. dýpi. sem virtist vera landnámslagið. Fyrstu merki um mannvist á staðnum voru viðarkolaagnir sem voru um 5-10 cm ofan við landnámslagið. Staðurinn var utan við hinn eiginlega bæjarhól, en út frá afstöðu mannvistarlaganna miðað við landnámslagið má ætla að elstu mannvistir séu líklega frá 10. öld eða 11. öld.

Viðarkol sem heimilsfólk hafði tínt úr neðstu lögunum voru tekin sem sýni (S-2). Æskilegt væri að aldursgreina sýnið til að sjá hvað kemur út úr því. Þó að ábúendur hefðu sagst vera reiðubúnir að kosta slíka aldursgreiningu hefur því miður ekkert orðið úr framkvæmd.

Fundir og sýni

Við rannsóknina fannst gripur úr kopar eða koparblöndu (F. 1) á 50 cm dýpi. Þetta virðist vera lítill hnúður eða halda af skúffu eða skáphurð.



Mynd 5. Koparhnúður F. 1 (Ljósm. 1985-267-1_Göltur_20142506_JB_2 og 3).

Tvö sýni voru tekin. Sýni 1 er úr gjóskulagi sem var í óhreyfðu lagi um 8 cm undir neðstu mannvistarlögunum. Sýni 2 eru viðarkol úr neðstu mannvistarlögunum, hugsanlega úr jarðhúsi.

Niðurstaða

Þegar komið var á staðinn var búið að grafa alla þá skurði sem grafa þurfti vegna framkvæmdanna og fylla upp í stóran hluta þeirra. Það var því ekki hægt að gera mjög ýtarlega rannsókn, að öðru leiti en því að skoða jarðvegssneið skurðbakkanna. Í suðurbakka svæðis B voru allmiklar mannvistarleifar sýnilegar. Á um 70 cm dýpi virtust vera byggingarleifar, bæði torfmoldir og litlar hellur, sem gætu hafa tilheyrt þaki byggingar, sem hrunið hafði saman. Aldur þessa mannvirkis er óviss. Miðað við afstöðu mannvistarlaga er það líklega einhvern tíma á tímabilinu 1200-1600. Á um 1 m dýpi var komið niður á mun eldra mannvirki sem virtist hafa verið niðurgrafið að hluta. Í botni þess var lagskipt gólfskán sem var mjög þétt í sér og allt að 30 cm þykk. Niðurgröfturinn skar sundur gjóskulag sem lá ofarlega í óhreyfðri mold og gæti verið Landnámslagið. Þetta niðurgrafna mannvirki var elsta mannvirkið sem sást á staðnum og hefur hugsanlega verið jarðhús. Ef gjóskulagið sem fannst um 8 cm undir elstu mannvistarlögunum er Landnámslagið er ólíklegt að byggð hafi hafist á bænum fyrir en á síðari hluta 10. aldar eða síðar. Það styður við þá skoðun að Göltur hafi byggst frá öðrum bæ.

Heimildir

Birna Lárusdóttir. (2002). Fornleifaskráning í Grímsnesi III: Fornleifar á jörðum í austurhluta Grímsness auk afréttar (Vol. FS164-99063). Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

